




Reykjavík 02.03.2023

Varðar: Laugaveg 168 – umsókn um byggingarleyfi USK23010019

Skoðuð er umsókn Jóhanns Einars Jónssonar, dags. 04.01.2023, um byggingarleyfi fyrir íbúða- og atvinnuhúsnæði á lóð nr. 168 við Laugaveg. Erindi fylgja teikningar Teikna ehf. með uppfærðum hæðarkótum, dags. 13.02.2023.



Útlit að Laugavegi



Sniðmynd í innkeyrsluramp frá Nóatúni


Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðsvæði (M2).

Í gildi er Deiliskipulag Laugavegs 168-176, dags. 01.07.2021, með síðari breytingum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags

Umsögn:

Þegar mæli- og hæðarblöð lágu fyrir varð ljóst að leiðbeinandi hæðarkótar deiliskipulags við Laugaveg voru rúmlega 1 m ofar en götuhæð. Það samræmdist ekki hugmyndum um bílastæði samhliða götu og aðgengi frá þeim að inngangi á 1. hæð frá Laugavegi. Því var settur saman vinnuhópur USK og hönnuða til að leysa aðlögun lóðar að götuhæð. Niðurstaðan var sú að lækka gólfkóta 1. hæðar úr 22,77m í 21,7m ásamt því að aðlaga gangstétt í Nóatúni að rampi bílakjallara til að tryggja aðkomu sorphirðubíla.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnisstjóri